

## SKILMÁLAR HLURAFJÁRÚTBOÐS FLY PLAY HF.

### 1 ÚTGEFANDI

Útboðið sem skilmálar þessir taka til, dagsettir 3. apríl 2024, varða sölu á nýjum hlutum í Fly Play hf., kt. 660319-0180, Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík (hér eftir „PLAY“ eða „félagið“ eða „útgefandi“).

Útboðið eru undanþegið gerð lýsingar, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Skilmálar þessir teljast hluti áskriftarskrár félagsins samkvæmt 38. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Rísi mál útaf áskrift í útboðinu skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 2 RÁÐGJAFAR

Arctica Finance hf., kt. 540509-1820, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir „umsjónaraðili“ eða „Arctica Finance“), hefur umsjón með útboðinu, útgáfu og töku hinna nýju hluta til viðskipta ásamt því að annast innheimtu og uppgjör allra viðskipta útgefandans í tengslum við útboðið. Arctica Finance og Fossar fjárfestingarbanki hf. (hér eftir „Fossar“) eru sameiginlegir söluaðilar í útboðinu (hér eftir „söluaðilar“).

Áskrifendur geta nálgast upplýsingar um útboðið og aðstoð við skráningu áskrifta hjá fyrirtækjaráðgjöf Arctica Finance á tölvupóstfanginu [play@arctica.is](mailto:play@arctica.is) eða í síma 513-3300 og fyrirtækjaráðgjöf Fossa á tölvupóstfanginu [ftf@fossar.is](mailto:ftf@fossar.is) eða í síma 522-4000, milli kl 09:00 og 16:00 dagana 9. apríl 2024 til 11. apríl 2024.

### 3 TILGANGUR ÚTBOÐSINS OG HEIMILD

Á aðalfundi félagsins þann 21. mars 2024 var samþykkt heimild til stjórnar að hækka hlutafé félagsins um allt að 1.200.000.000 hluti að nafnvirði, í þeim tilgangi að efna áður tilkynnt áskriftarloforð, ásamt því að efna til almenns útboðs. Eins og fram kemur hér að neðan mun verður heimildin ekki að fullu nýtt.

Þann 21. mars 2024 tilkynnti félagið að stjórn mun nýta framangreinda heimild þannig:

- 1.000.000.000 hlutum á áskriftargenginu kr. 4,5 á hvern hlut verður ráðstafað til að efna skuldbindingu félagsins samkvæmt þegar mótteknum áskriftarloforðum að samanlagðri fjárhæð 4.500 milljónum króna frá fjárfestum úr hópi núverandi hluthafa og annarra fjárfesta.
- Allt að 111.111.112 hlutir á áskriftargenginu kr. 4,5 á hvern hlut að nafnvirði að samanlagðri fjárhæð allt að 500 milljónum króna, verða boðnir í almennu útboði sem mun fara fram dagana 9. apríl 2024 til 11. apríl 2024. Til að stuðla að jafnræði hluthafa munu núverandi hluthafar, aðrir en þeir sem hafa nú þegar skráð sig fyrir nýjum hlutum, njóta forgangs til áskriftar ef til umframáskriftar kemur.
- Ónýttur hluti heimildarinnar mun falla niður.

## 4 ÚTBOÐIÐ

Boðnir verða til kaups allt að 111.111.112 nýir hlutir útgefnir af PLAY á áskriftargenginu 4,5 krónur á hvern hlut, að jafnvirði allt að 500 milljónum króna. Til að stuðla að jafnræði hluthafa munu núverandi hluthafar, aðrir en þeir sem hafa nú þegar skráð sig fyrir nýjum hlutum, njóta forgangs til áskriftar ef til umframáskriftar kemur.

Þátttaka í útboðinu af hálfu áskrifenda er háð ákveðnum skilyrðum. Útboðið er eingöngu markaðssett á Íslandi og þátttaka er heimil öllum lögaðilum og einstaklingum sem hafa íslenska kennitölu og einstaklingum sem eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997, með þeim takmörkunum sem af lögunum kunna að leiða. Útboðið er undanþegið gerð lýsingar, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Útboðið hefst kl. **10.00 (GMT) þriðjudaginn 9. Apríl 2024** og lýkur **fimmtudaginn 11. Apríl 2024 kl. 16.00 (GMT)**. Útgefandi og umsjónaraðili áskilja sér rétt til að framlengja áskriftartímabilið.

Tekið verður við áskriftum fjárfesta á sérstöku rafrænu áskriftarformi sem áskrifendur geta nálgast á vefslóðinni [www.arctica.is/play-utbod](http://www.arctica.is/play-utbod).

Með staðfestingu á áskrift í hinu rafræna áskriftarkerfi lýsir áskrifandi því yfir að hann:

- (a) hafi kynnt sér og samþykki þá skilmála sem um útboðið gilda, sem fram koma í skilmálum þessum;
- (b) geri sér grein fyrir að hann skuldbindi sig til að kaupa hluti í PLAY, fyrir allt að andvirði þess áskriftarverðs sem hann tilgreinir í áskriftarkerfinu og að áskrift hans er skuldbindandi og óafturkræf;
- (c) geri sér grein fyrir og skilji þá áhættu sem fólgin er í fjárfestingu í hlutabréfum almennt sem og hlutabréfum í PLAY, þar með talið áhættu sem fylgir rekstri PLAY;
- (d) geri sér grein fyrir því að þátttaka hans í útboði PLAY felur í sér áskrift í áskriftaskrá PLAY, sem er háð samþykki stjórnar PLAY og eftirfarandi ákvörðun um útgáfu hluta;
- (e) sé meðvitaður um alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í skilmálum útboðsins og að honum sé kunnugt um reglur og/eða stefnur Arctica Finance um meðferð og ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum sem er að finna á vefsíðu Arctica Finance og hafi kynnt sér þær;
- (f) veiti útgefanda og Arctica Finance leyfi til að deila persónuupplýsingum hans sín á milli og til annarra söluaðila, vörsluaðila, ráðgjafa og þjónustuveitenda í tengslum við útboðið, svo sem upplýsingar sem innihalda nafn, kennitölu, tölvupóstföng, áskriftarfjárhæð og vörslureikninga, í þeim tilgangi að tryggja skipulega framvindu, framkvæmd og lok útboðsins, sem og afhendingu hluta sem áskrifanda kann að verða úthlutað við uppgjör áskriftar. Frekari upplýsingar um persónuverndarstefnu PLAY og Arctica Finance er að finna á vefsíðu þeirra;
- (g) geri sér grein fyrir að hann verði að eiga vörslureikning (VS-reikning) hjá vörsluaðila til þess að mögulegt sé að afhenda áskrifanda þá hluti sem honum kann að verða úthlutað í útboðinu. Komi í ljós að áskrifandi eigi ekki vörslureikning, hann finnist ekki eða ekki reynist unnt að afhenda hluti inn á tilgreindan vörslureikning, skal

umsjónaraðila vera heimilt að stofna sérstakan vörslureikning fyrir hönd og/eða í nafni áskrifanda og afhenda hlutina inn á þann vörslureikning;

- (h) geri sér grein fyrir og lýsir því yfir að þátttaka í útboðinu er gerð að eigin frumkvæði; og
- (i) uppfylli skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu.

Þátttaka í útboðinu með staðfestingu áskriftar er skuldbindandi fyrir áskrifanda. Áskrifandi, sem staðfest hefur þátttöku sína getur ekki breytt áskrift sinni eða fallið frá henni. Útgefandi og umsjónaraðili áskilja sér rétt til að innheimta áskriftir til samræmis við fyrirmæli laga, eða úthluta hlutum áskrifanda sem ekki greiðir á gjalddaga til annarra áskrifenda, án frekari fyrirvara að viðvörðunar.

## 5 ÚTHLUTUN

Að skráningu áskriftar lokinni fær áskrifandi senda staðfestingu á áskrift með tölvupósti, á það netfang sem hann tilgreinir í áskriftarkerfinu. Rafræn staðfesting er forsenda fyrir gildri áskrift. Berist hún ekki getur aðili ekki verið viss um að áskrift hans hafi borist og er bent á að hafa samband við umsjónaraðila áður en áskriftartímabilinu lýkur, þ.e. fyrir **kl. 16.00 (GMT) fimmtudaginn 11. apríl 2024**. Leiki vafi á gildi áskriftar verður aðili að geta framvísað staðfestingunni til að færa sönnur á áskrift sinni.

Útgefandi og umsjónaraðili áskilja sér rétt til að krefjast staðfestingar á greiðslugetu eða tryggingar fyrir greiðslu áskrifta frá áskrifendum. Verði áskrifandi ekki við þessari kröfu útgefanda og umsjónaraðila innan þess frests sem gefinn er, áskilja útgefandi og umsjónaraðili sér rétt til að ógilda áskrift viðkomandi áskrifanda að hluta eða í heild. Útgefandi og umsjónaraðili meta einhliða hvort staðfesting á greiðslugetu eða trygging teljist fullnægjandi. Útgefandi og umsjónaraðili áskilja sér rétt til að hafna áskriftum, án fyrirvara eða aðvörðunar.

Fyrirhugað er að samandregnar niðurstöður útboðsins liggi fyrir og verði tilkynntar opinberlega þann 11. apríl 2024.

Áætlað er að áskrifendum verði tilkynnt um hvort og að hvaða marki áskrift þeirra kann að hafa verið samþykkt við ákvörðun um úthlutun eigi síðar en 15. apríl 2024. Upplýsingar um úthlutun verða aðgengilegar í rafræna áskriftarkerfinu sem hægt verður að nálgast í gegnum vefsíðu Arctica Finance, [www.arctica.is/play-utbod](http://www.arctica.is/play-utbod) með því að nota sömu aðgangsaðkenni og notuð voru við skráningu áskrifta í útboðinu. Þeir sem ekki hafa fengið úthlutað hlutum verður ekki tilkynnt um það sérstaklega.

Útgefandinn áskilur sér rétt til að úthluta hlutum með þeim hætti sem hann telur henta til að ná fram markmiðum útboðsins, þar á meðal að hafna áskriftum að hluta eða í heild, án nokkurrar tilkynningar eða réttlætningar.

## 6 GREIÐSLA

Gjalddagi greiðsluseðla vegna útboðsins er fyrirhugaður **priðjudaginn 23. apríl 2024**. Greiðslufyrirmæli verða í formi rafrænna innheimtukrafna sem aðgengilegar verða í netbönkum. Ekki verður tekið á móti greiðslum á öðru formi en tiltekið er í greiðslufyrirmælum.

Komi til þess að áskriftir verði ógreiddar að gjalddaga liðnum hefur útgefandi og umsjónaraðili sjálfðæmi um hvort slíkar áskriftarkröfur verði felldar niður, í heild eða hluta, ásamt undirliggjandi áskriftum og úthlutunum, eftir því sem útgefandi og umsjónaraðili telja henta. Útgefandi og

umsjónaraðili geta einnig ákveðið að slíkar kröfur verði ekki felldar niður heldur innheimtar í samræmi við meginreglur íslensks samninga- og kröfuréttar, að viðbættum dráttarvöxtum skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Arctica Finance annast uppgjör allra viðskipta útgefandans í tengslum við útboðið. Hvorki umsjónaraðili útboðsins né útgefandi munu leggja kostnað á áskrifendur vegna framkvæmd áskrifta eða innheimtu áskriftarkrafna, nema um vanskil verði að ræða. Umsjónaraðila og útgefanda er ekki kunnugt um hvort og þá hvaða kostnaður kunnir að falla á áskrifendur frá öðrum aðilum. Af þeim sökum er áskrifendum bent á að leita sér upplýsinga um tilvist og fjárhæð slíks kostnaðar hjá viðeigandi aðilum sem veita þeim þjónustu í tengslum við áskrift þeirra í útboðinu.

## **7 ÚTGÁFA OG AFHENDING HLUTA**

Hlutirnir verða gefnir út rafrænt hjá Nasdaq CSD á Íslandi. Hlutirnir verða afhentir áskrifendum og teknir til viðskipta á Nasdaq First North Growth Market Iceland jafnskjótt og hlutafjárhækkun sú sem liggur útgáfu þeirra til grundvallar hefur verið skráð hjá fyrirtækjaskrá Skattsins. Hinir nýju hlutir verða afhentir áskrifendum gegn því að fullnægjandi greiðsla hafi borist samkvæmt skilmálum útboðsins. Hlutirnir verða afhentir rafrænt í kerfi Nasdaq CSD á Íslandi og mun umsjónaraðili biðja þann vörsluaðila sem áskrifandi skráði við áskrift, að móttaka hlutina inn á vörslureikning sem viðkomandi áskrifandi á hjá viðkomandi vörsluaðila.

Reynist áskrifandi ekki eiga vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem áskrifandi tilgreindi í áskriftarkerfinu, þá mun Arctica Finance stofna vörslureikning í nafni áskrifanda hjá Arctica Finance og hjá Nasdaq CSD á Íslandi svo hægt sé að móttaka hluti áskrifanda í samræmi við framangreint og áskilur Arctica Finance sér rétt til að innheimta gjald af áskrifanda fyrir vörslu hlutanna í samræmi við verðskrá Arctica Finance sem er aðgengileg á vefslóðinni, [www.arctica.is](http://www.arctica.is). Áskrifandi mun ekki geta átt viðskipti með eða hreyft þá hluti sem afhentir eru inn á vörslureikning sem stofnaður er með framangreindum hætti í hans nafni, nema hann hafi lokið við afhendingu þeirra gagna og veitingu þeirra upplýsinga, t.a.m í tengslum við áreiðanleikakönnun, sem Arctica Finance krefst til stofnunar vörslureiknings með fullnægjandi hætti. Áskrifandi ber sjálfur ábyrgð á því að staðreynda hvort afhending hluta hans hafi farið fram með réttum hætti og sé svo ekki, þá skal hann gera umsjónaraðila viðvart þar um án ástæðulauss dráttar.

Stjórn félagsins áskilur sér rétt til þess að hverfa frá útboðinu og ógilda áskriftir áskrifenda ef hlutafjárhækkunin fæst ekki skráð hjá fyrirtækjaskrá Skattsins, ellegar hinir nýju hlutir fást ekki teknir til viðskipta á Nasdaq First North Growth Market Iceland.

## **8 ÁHÆTTA**

Áskrifendur eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Áskrifendur verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind, eða njóta ráðgjafar þriðja aðila, vegna fjárfestingar í hlutabréfum útgefanda og taka tillit til starfsumhverfis útgefanda, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Áskrifendum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga til aðstoðar við mat á hlutabréfunum sem fjárfestingarkosti. Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í útgefanda, ættu áskrifendur að lesa í þaula skilmála, skilyrði og aðrar opinberar upplýsingar sem um útboðið gilda.

Áskrifendum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum í útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti. Umsjónaraðili og söluaðilar eru ráðgjafar útgefanda í útboðinu og er ekki ráðgjafi áskrifenda eða annarra í útboðinu.

## **9 HUGSANLEGIR HAGSMUNAÁREKSTRAR**

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Arctica Finance kann að hafa í tengslum við fyrirhugað útboð og fyrirhugaða umsókn um að hin nýju hlutabréf í PLAY verði tekin til viðskipta á First North Growth Market Iceland:

- (a) Arctica Finance hefur umsjón með fyrirhuguðu útboði og fær greidda þóknun og ber útgefandi kostnað af því.
- (b) Arctica Eignarhaldsfélag ehf., kt. 641008-1820, móðurfélag Arctica Finance, á hlut í félaginu.
- (c) A/F STILLA slhf., sérhæfður sjóður í rekstri A/F Rekstraraðila hf., dótturfélags Arctica eignarhaldsfélags ehf., á hlut í félaginu og Arctica Finance á hlut í sjóðnum.
- (d) María Rúnarsdóttir, stjórnarmaður í félaginu er stjórnarformaður Arctica Finance.

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Fossar kann að hafa í tengslum við fyrirhugað útboð:

- (a) Fossar er söluaðili í fyrirhuguðu útboði og fær greidda þóknun og ber útgefandi kostnað af því.
- (b) Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, systurfélag Fossa, á hlut í félaginu.
- (c) Fossar, svið eigin viðskipta, á hlut í félaginu.
- (d) Guðný Hansdóttir, stjórnarkona í félaginu er jafnframt stjórnarkona í Skaga hf., móðurfélagi Fossa.

Að framangreindu frátöldu er félaginu, Arctica Finance og Fossum ekki kunnugt um aðra hagsmunaárekstra.

Áskrifendur geta kynnt sér reglur Arctica Finance og Fossa um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum sem er að finna á vefsíðum Arctica Finance og Fossa.